

Fréttabréf



Múrarar og Sundhöll Reykjavíkur

Sambandsstjórnarfundur

Trúnaðarmaður á vinnustað



BRIDGE

Frá því í haust hafa verið haldin bridge-kvöld í Borgartúni 30 annan hvern fimmtudag.

Byrjað var með upphitun í september. Spilaðar voru tvær umferðir í október um FIT-bikarinn og 3 umferðir í hraðsveitarkeppni í nóvember.

Þessum áfanga lauk svo með jólamóti um miðjan desember.

Áfram verður haldið á nýju ári og verður spilað aðra hverja viku fram til vors. Spilað er í sal félaganna á sjöttu hæð í Borgartúni 30 og er þátttaka ókeypis og allir velkomnir.

Spilamenska hefst kl 19:30 stundvíslega.

Keppnisröðin er eftirfarandi fram á vor:

Byko tvímenningur: 11. og 25. janúar.

Byggðin tvímenningur: 8. og 22. febrúar.

Sveitakeppni Húsasmiðjunnar: 8. og 22. mars.

Lokakvöld og einmenningur: 6. apríl

VEIÐIKORTIÐ

Veiðikortið 2018 kom í sölu hjá FIT fyrir jól og selst vel að vanda. Ekki er mikil breyting frá fyrra ári. Veiðikortið 2018 veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 34 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Með kortinu fylgir handbók þar sem má finna leiðbeiningar og reglur. Kortið gildir fyrir einn fullorðinn. Börn yngri en 14 ára veiða frítt í fylgd korthafa.

Kortið er ekki skráð á nafn þannig að auðvelt er að nota það í gjafir.

Það eina sem þarf að gera er að fara inn á heimasíðu FIT, velja miðasölu og kaupa kort.

Hver félagsmaður getur keypt eitt kort. Kortið kemur síðan með póstinum. Kortið kostar 7.900 kr. á almennum sölustöðum en 4.000 kr. á orlofsvef FIT.

ÚTILEGUKORTIÐ

Með hækkandi sól mun Útilegukortið einnig verða til sölu á orlofsvef FIT.

Því miður eru ekki komnar upplýsingar um verð á korti ársins en það verður niðurgreitt af FIT.

Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistingu á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistinguáttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfellt í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.



ÚT Í BLÁINN

Mínum á ferðirnar „Út í bláinn“ sem verða að venju á vorönn 2018.

Ferðirnar eru þátttakendum að kostnaðarlausu. Einungis þarf að koma með góða skapið, ævintýraþrána og síðan er gengið út í bláinn á vit ævintýranna.

Eru félagsmenn hvattir til að nýta sér ferðirnar ásamt fjölskyldum.

Miðað er við að ferðir verði ávallt síðasta sunnudag mánaðarins og er lagt af stað frá Borgartúni 30 kl. 13.00 og áætluð heimkoma kl. 16.00.

Fylgist með auglýsingum á heimasíðu FIT og facebook-síðu FIT eða hringið í Þjónustuskrifstofuna í síma 535 6000 til að fá nánari upplýsingar.

Svo er bara að drífa sig með fjölskylduna.

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

Ertu búin að líka við facebook síðu FIT?

Við minnum á að allar fréttir af fit.is birtast jafnóðum á facebook-síðu félagsins. Þar á meðal allar tilkynningar um laus orlofshús en laus hús eru oft auglýst með litlum fyrirvara ef einhver hefur hætt við bókun. Þá er hægt að grípa hnossið og skella sér í bústað yfir helgi.

IDAN-FRÆÐSLUSETUR - NÝ NÁMSKEIÐ Á VORÖNN

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér hvað IDAN-fræðslusetur hefur upp á að bjóða á vorönn. Á hverri önn eru fjölbreytt námskeið haldin í IDUNNI, bæði sérhæfð fagnámskeið og námskeið almenns eðlis.

Verð á námskeið IDUNNAR eru tvenns konar. Félagsmenn sem greitt er af í endurmenntunarsjóð, af atvinnurekanda, greiða lægra gjald þar sem búið er að niðurgreiða þau námskeið fyrir félagsmenn.

Allar upplýsingar um námsframboð er að finna á heimasíðu IDUNNAR: idan.is.

Trúnaðarmannanám-skeið 2018

Mikilvægi trúnaðarmanna á vinnustöð-um verður síst minna með árunum, en trúnaðarmaður gegnir nokkrum hlutverkum. Hann er fulltrúi FIT á þínum vinnustað. Hann er tengiliður milli ykkar á vinnustaðnum. Hann er tengiliður milli ykkar og atvinnurekandans og á sama tíma einnig milli ykkar og FIT. Trúnaðarmaðurinn fylgist með að samningar séu haldnir, ekki sé brotið á réttindum ykkar, hvorki borgaralega né félagslega. Það hvílir því mikil ábyrgð á trúnaðarmönnum. Framundan er trúnaðarmannanám-skeið þar sem farið er yfir kjarasamninga, útreikninga á skattamálum, orlofsmál, réttindi gagnvart hinum ýmsu sjóðum og framhaldsmenntun, svo eitthvað sé nefnt. Námskeiðið verður haldið í Borgartúni 30, 6. hæð, þann 15. og 16. febrúar og eru trúnaðarmenn FIT hvattir til að skrá sig á námskeiðið, öllum til hagsbóta.

Endurskoðun kjara-samninga

Óhætt er að fullyrða að úrskurðir kjara-ráðs hafi rofið þann frið sem ríkt hefur á vinnumarkaði og við félagar í FIT áttum þátt í að skapa. Við gerð síðustu kjara-samninga sömdum við til lengri tíma en áður og kröfurnar voru hóflegri, enda skilningur manna að framundan væri tímabil aukins kaupmáttar, stöðugleika og sátta. Það gekk að mestu eftir þar til kjararáð úthlutaði þingmönnum, æðstu ráðamönnum ríkisins og stofnana, mun ríflegri launahækkunum en áður áttu kost á. Sáttin hefur verið rofin og við getum ekki setið aðgerðarlaus hjá meðan íslenska yfirstéttin makar króinn og tekur stærri skerf af kökunni en sátt ríkti um. FIT og Samiðn fara nú ítarlega yfir þá stöðu sem skapast hefur á vinnumarkaði og þar með næstu skref í endurskoðun kjarasamninga.

Starfsmannaleigur og kennitölufلاك

FIT hefur lengi barist gegn kennitölufلاكki, enda gríðarleg slóð skulda og ógreiddra launa sem eftir standa hjá slík-um fyrirtækjum, skuldir og ógreidd laun sem geta lent á okkar fólki. Því skiptir

miklu máli að sem víðtækust samstaða náist um að sporna við slíku. Það er því mikið fagnaðarefni að stjórnvöld skuli nú slást í lið með okkur og áforma að vinna með aðilum vinnumarkaðarins að aðgerðum gegn kennitölufلاكki. FIT skorar á stjórnvöld að ganga skrefinu lengra og lögbinda ákvæði um varnir gegn kennitölufلاكki. Á sama tíma fagnar FIT því að ríkisstjórnin taki á keðjuábyrgð og starfsmannaleigum. Það er skoðun FIT að keðjuábyrgð eigi að ná til alls vinnumarkaðarins, enda um meinsemd að ræða sem hefur alltof lengi fengið að þrífast í íslensku at-

komið að í ljós að ástandið er mun betra en áður og fagmennskan sé að aukast, enda algjörlega út í hött að með því stranga og viðamikla eftirliti og reglu-verki sem hér ríkir, komist menn upp með slíkt. En betur má ef duga skal og FIT mun ekki gefa neitt eftir í þessum efnum og halda opinberri umræðu um þessi mál áfram, sem og að stunda virkt eftirlit með skoðunum á markaðnum. Fagmennskan á alltaf að vera í fyrsta sæti.

#MeToo

Vakningin sem orðið hefur um þá menn-ingu sem ríkt hefur um heim allan, þar

KJARARÁÐ HEFUR ROF- IÐ FRIDINN!



Hilmar Harðarson
formaður

vinnulífi. Starfsmannaleigur sem spretta upp eins og gorkúlur, flytja inn erlent vinnuafli og greiða laun langt undir því sem eðlilegt telst og rukka þá svo um óhóflega húsaleigu og fleiri gjöld, hafa ekkert erindi inn á vinnumarkaðinn. Þetta eru jákvæð skref hjá stjórnvöldum en við viljum ganga lengra. Mun lengra.

Skoðun sýnir betra ástand

Eftirlitsferðir FIT hafa síðustu misseri leitt í ljós að á alltof mörgum stöðum sé vandasömum verkefnum úthlutað til ófaglærðra og þess eru jafnvel dæmi að í stórum verkum sé ekki einn einasti fagmenntaður iðnaðarmaður. FIT hefur vakið athygli á þessu á opinberum vettvangi og það virðist hafa skilað árangri. Í síðustu skoðunarferðum okkar hefur

sem mismunur kynjanna hefur verið ráðandi, hefur ekki farið framhjá neinum. #MeToo byltingin teygir sig í alla anga þjóðfélagsins og á öll svið, þar með talið vinnustaði okkar. Það er endalaust hægt að ræða þetta mál, sem sumum finnst óþægilegt, en ekkert breytir því að við getum aldrei liðið né samþykkt kynferðislegt ofbeldi eða kynbundið misrétti. Við eigum að hafa frumkvæði að því að taka til í okkar eigin garði, móta nýjar leiðir til að vinna gegn þessari óhæfu og leggja okkar af mörkum til að skapa eðlilegt ástand þar sem gagnkvæm virðing ræður ríkjum. Þessi inngróna „menning“ hefur fengið að viðgangast alltof lengi og nú er komið að leiðarlokum hvað þetta varðar. Sýnum styrk okkar í verki og verum í fararbroddi breyttrar hugsunar og framfara og hættum allri mismunun!



Launahugtök

Um greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum, vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma og slysatryggingar eru launahugtökin skilgreind þannig.


Full laun; Full laun miðast við þau laun sem starfsmaður hefði sannanlega haft ef hann hefði ekki forfallast frá vinnu vegna sjúkdóms eða slyss (staðgengils-laun).

Full dagvinnulaun; Full dagvinnulaun starfsmanns í ákvæðisvinnu eru 75% af ákvæðisvinnulaunum í dagvinnu, m.v. meðaltal síðustu fjögurra mánaða, þó ekki lægra en tímakaup hans í dagvinnu.

Dagvinnulaun; Með dagvinnulaunum er hér átt við föst laun fyrir vinnu á dagvinnutímabili, ásamt föstum aukagreiðslum öðrum en kostnaðargreiðslum.



KLUKK
KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk



Í sambandsstjórn Samiðnar sitja 30 einstaklingar kosnir á þingi eða tilnefndir og koma allsstaðar af landinu.

Hlutverk sambandsstjórnar er að vera samráðsvettvangur aðildarfélaganna ekki síst í tengslum við gerð kjarasamninga.

Formaður Samiðnar Hilmar Harðarson er jafnframt formaður sambandsstjórnar.

12. janúar s.l. var haldinn sambandsstjórnarfundur hér í Borgartúni 30 en megin verkefnin voru þrjú.

Aukinn ójöfnuður: Hver er megin orsök og hvernig er best að bregðast við: Stefán Ólafsson, prófessor við HÍ

Í erindi Stefáns kom fram að jöfnuður á Íslandi eftir síðustu heimstyrjöld og fram á sjötta áratuginn hefði verið hvað mestur á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin. Þegar komið var fram á níunda áratuginn fór að halla undan og ójöfnuður að aukast. Þetta er sama þróunin sem á sér stað víða um heiminum.

En hvað skýrir þessa þróun?

Rannsóknir sýna að tveir helstu skýringarþættirnir eru fjármálavæðingin og skatta- og velferðarstefna stjórnvalda. Eftir 1995 stórkjóst fjármagnstekjur sem runnu fyrst og fremst til tekjuhæstu hópanna. Fjármagnstekjur af heildartekjum þessa hóps fóru upp í 80% á árunum 2005-2007. Skattbyrði var færð frá þeim tekjuhæstu hópnum yfir á lægri tekjuhópa á árunum 1995 til 2008. Þessu var snúið við að hluta eftir hrún en hefur sveigst nokkuð í fyrri átt á ný, á árunum 2013 til 2015.

Leiðir ríkisstjórnarinnar að ábyrgum vinnumarkaði:

Ásmundur Einar Daðason jafnréttis- og velferðarráðherra

Ráðherrann ræddi um vinnumarkaðinn og mikilvægi þess að koma í veg fyrir félagsleg undirboð m.a með eflingu Vinnumálastofnunar þ.e. skýra og styrkja valdheimildir hennar. Hann lýsti áhuga sínum á að innleiða keðjuábyrgð aðalverktaka og starfsmannaleiga en sagðist bíða eftir tillögum frá ASÍ og SA í þá veru. Ráðherrann ræddi einnig um jafnréttismál og mikilvægi þess að jafna stöðu karla og kvenna og lýsti eftir viðhorfum Samiðnar. Hann var upplýstur um að fyrir fundinum lægi tillaga að samþykkt þar sem tekið er undir MeToo umræðuna.

Í lokin lýsti hann sérstakri ánægju sinni með að hafa haft tækifæri til að koma á fundinn og vonaðst til að eiga tækifæri til að koma aftur síðar og eiga beint samtal við þá sem eru á vettvangi.

Formaður Samiðnar afhenti ráðherra áskorun um að frumvörp um keðjuábyrgð og aðgerðir gegn kennitöluflakki verði afgreidd á yfirstandandi þingi.

Stefnir í uppsögn kjarasamninga?: Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Gylfi ræddi um samstöðuleysi innan launþegahreyfingarinnar og áhrif þess á möguleika til að sækja fram. Lýsti miklum áhyggjum sínum yfir þróuninni og lagði áherslu á að hreyfingin

Sambandsstjórnarfundur Samiðnar

yri að taka sig taki því annars stæðu stjórnvöldum engin ógn af hreyfingunni. Hann fór yfir stöðu kjarasamninga og forsendur þeirra. Hann sagði það sína skoðun að það bæri að stefna á uppsögn samninga í lok febrúar og hefja kjarasamningsgerð í framhaldinu. Verkalýðshreyfingin getur ekki setið endalaust aðgerðarlaus þegar stjórnvöld standa ekki við gefin loforð.

Í lok fundarins voru samþykktar ályktanir um stöðu kjarasamninga þar sem lýst er yfir að það sé óhjákvæmilegt annað en bregðast við því misvægi sem upp er komið eftir úrskurði kjaradóms.

Einnig var samþykkt ályktum um jafnréttismál þar sem krafist er aðgerða til að jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði og unnið verði gegn hverskonar kynbundnu ofbeldi. Jafnframt eru aðildarfélag Samiðnar hvött til að hafa frumkvæði í umræðunni um jafnrétti og aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi



Bjarni Helgason trúnaðarmaður

Bjarni Helgason er trúnaðarmaður Félags iðn- og tækni-greina hjá Strætó bs. Hann er lærður bifreiðasmiður og varð sveinn í iðn sinni árið 1981. Bjarni hefur starfað hjá Strætó í 36 ár og hefur því mikla reynslu. Bjarni gerðist trúnaðarmaður fyrir 4 árum en var áður öryggistrúnaðarmaður í 27 ár. Bjarni hefur farið í trúnaðarmannanám hjá FIT.

Fréttabréf FIT ákvað að fá Bjarna í stutt spall um starf trúnaðarmannsins. Við byrjuðum á því að spyrja Bjarna hvaða augum hann sæi hlutverk sitt sem trúnaðarmanns? Ég lít á það þannig segir Bjarni að þetta skiptir máli að starfsmenn hafi aðgang að trúnaðarmanni. Ég hef hvatt menn til að nýta sér þjónustuskrifstofurnar hjá FIT vegna þess að þó að ég hafi vit á þessum málum þá eru sérfræðingarnir hjá FIT og ég hef vísað þangað. En áhugaverðast við starf trúnaðarmanns er fyrst og fremst að gæta réttar starfsmanna og hvetja menn til að nota þá þjónustu sem félagið býður uppá.

Hvað er það erfiðasta sem þér finnst varðandi það að

vera trúnaðarmaður? Bjarni segir að menn hafa ekki leitað til sín með mjög persónuleg mál svo honum hefur ekki fundist neitt sérlega erfitt. Hjá mér hafa ekki verið nein stór vandamál varðandi stjórnendur og mér hefur fundist samskipti við yfirmenn yfirleitt jákvæð.

En hvað varð til þess að þú gerðist trúnaðarmaður? Það var þegar eldri trúnaðarmaður fór á eftirlaun, þá fékk ég ábendingu eða hvatningu frá félaginu um að gefa kost á mér í þetta starf.

Spurður út í hvort honum finnst hinn almenni félagsmaður hafa mikla þekkingu á sínu félagi, svarar Bjarni því að hann telji starfsmenn hjá Strætó ættu að geta haft góða þekkingu á starfi félagsins og alltaf mjög vel þegið og gott líka þegar fólk frá félaginu kemur og heldur kynningafund bæði á starfseminni og lífeyrissjóðnum og fleira.

Að lokum þessa stutta spjalls þökkum við Bjarna fyrir og óskum honum velfarnaðar í hans mikilvæga hlutverki trúnaðarmanns.

Trúnaðarmaður á vinnustað

Það er ágætt að fjalla öðru hverju um hlutverk trúnaðarmannsins, eins mikilvægt og það er, en skýrt er kveðið á um hlutverk trúnaðarmanns í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt 9. gr.laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 er það hlutverk trúnaðarmanns að gæta þess að gerðir samningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Ellefti kafli kjarasamninga fjallar einnig um trúnaðarmenn.

Trúnaðarmaður er fulltrúi stéttarfélagsins á vinnustaðnum og sem slíkur er hann tengiliður félagsins og starfsmannanna. Hlutverk trúnaðarmanna á vinnustaðum er mjög mikilvægt, bæði fyrir félagsmenn og ekki síst fyrir stjórn félagsins og starfsmenn.

Trúnaðarmaður er félagsmaður í stéttarfélagi sem valinn er af samstarfsmönnum sínum til þess að gæta hagsmuna þeirra gagnvart vinnuveitanda. Starfsmönnum er heimilt að kjósa einn trúnaðarmann á hverjum vinnustað þar sem starfa 5 til 50 starfsmenn og 2 trúnaðarmenn séu starfsmenn fleiri en 50.

Trúnaðarmaður stendur ekki einn og er stjórn og starfsmenn stéttarfélags honum til aðstoðar við að leysa úr þeim erindum sem upp kunna að koma og heyra undir starfssvið stéttarfélagsins. Mikilvægasta hlutverk trúnaðarmannsins er að vera tengiliður milli félagsmanna á vinnustað og vinnuveitanda annars vegar og milli félagsmanna og stéttarfélags hins vegar.

Trúnaðarmaður veitir starfsmönnum upplýsingar og þeim ber að snúa sér til trúnaðarmannsins með umkvartanir sínar yfir atvinnurekanda og fulltrúum hans. Honum ber þá að rannsaka málið strax. Komist hann að því að umkvartanir eigi við rök að styðjast skal hann snúa sér til atvinnurekandans eða fulltrúa hans með umkvörtun og kröfu um lagfæringu. Trúnaðarmaðurinn þarf ekki að biðja þess að kvörtun berist, ef hann grunar að það sé verið að brjóta á starfsmanni getur hann hafist handa við að skoða málið.

Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess hjá atvinnurekanda eða verkstjóra að hann beri fram kvartanir fyrir hönd starfsmanna. Óheimilt er að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Ef fækka þarf starfsmönnum skal trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

Trúnaðarmaður skal hafa aðgang að læstri hirslu á vinnustað og er heimilt að sinna vinnu sinni sem trúnaðarmaður í samráði við verkstjóra og eiga laun hans ekki að skerðast af þeim sökum.

Trúnaðarmanni er heimilt að boða til vinnustaðafunda tvisvar á ári í samráði við stéttarfélagið og atvinnurekanda. Fundinn skal boða með þriggja daga fyrirvara og skal fundurinn haldinn á vinnutíma.

Trúnaðarmannanám

Trúnaðarmannanámskeið Félags iðn- og tæknigreina verður haldið í Borgartúni 30 dagana **15. og 16. febrúar**. Námið er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra sem hafa nýlega tekið að sér hlutverk trúnaðarmanns eða annars konar trúnaðarstarf á vegum síns félags

Þeir sem hafa áhuga og eru trúnaðarmenn á sínum vinnustað eru vinsamlegast beðnir um að hafa sambandi í síma **535-6000** eða að senda á okkur tölvupóst á **fit@fit.is** Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um:

- Hvert er hlutverk stéttarfélaga, sambanda og heildar-samtaka á vinnumarkaði
- Hvernig starfa stéttarfélögin, stjórnir þeirra og hvert er hlutverk félagsmanna
- Hvert er hlutverk trúnaðarmanns á vinnustað, hvað á hann að gera og hvað á hann ekki að gera
- Hvert er hlutverk trúnaðarmanna samkvæmt lögum og kjarasamningum
- Hvar getur trúnaðarmaður aflað sér upplýsinga um túlk-

anir kjarasamninga og önnur mál sem koma inn á hans borð

- Hvernig eiga trúnaðarmenn að taka á móti umkvörtunum og vinna úr þeim

Kennarar verða; Sigurlaug Gröndal og Guðmundur Hilmarsson.

Nemendur fá í hendur námsgögn sem notuð eru fyrir hvern námsþátt.

Á innri vef fara fram samskipti nemenda og leiðbeinenda.


Athugið að skráningu lýkur viku fyrir fyrsta námskeiðsdag.

Nemendur þurfa að skrá sig inn á innri vef Félagsmálaskólans, www.felagsmalaskoli.is

Stofna aðgang með annaðhvort íslykli, rafrænum skilríkjum eða lykilorði.

Nemendur munu geta fylgst með námsframvindu sinni inni á innri vef skólans.

Þar munu þeir einnig fylla út námsmat og sækja viðurkenningsarskjölin að námskeiðið loknu.



**Múrara á botni Sundhallarinnar. F.v. Þorsteinn Löve múrari, Logi Eldon múrari, Guðmundur Runólfsson trésmiður, Einar Þorvaldsson múrari og skákmaður, Jón Hannesson múrari, Jóhannes Bergsteinsson múrari, Björn Jónsson múrarameisteri, Harald Bjarnason múrari, ónafngreindur, Vilberg Hermannsson múrari og Jón Halldórsson verka-
maður.**

Múrara og Sundhöll Reykjavíkur

Í tilefni þess að Sundhöll Reykjavíkur var að opna aftur eftir gagngerar endurbætur og viðbyggingu þá langar okkur að fjalla örlítið um aðkomu múrara að byggingu hússins. Sundhöllin átti merkisafmæli á síðasta ári en hún fagnaði 80 árum. Múrarafélag Reykjavíkur átti einnig stórafmæli en það varð 100 ára á síðasta ári. Það var stórmerkilegt starf sem múrara lögðu á sig við byggingu þessa friðaða húss.


Þorsteinn Löve múrari var einn af þeim sem unnu við byggingu Sundhallarinnar. Þorsteinn fæddist 1910 og lést árið 2004. Hann var 13 ára þegar hann hóf störf við múrverk og lauk sveinsprófi í múraiðn frá Ísafirði 1928, fyrstur manna, þá 18 ára. Þorsteinn sagði svo svo frá í blaðaviðtali að sama ár og hann lauk prófi fluttist hann suður til Reykjavíkur. Meðal þeirra húsa sem Þorsteinn Löve vann við að byggja í Reykjavík var Sundhöllin og þá var Barónstígurinn ysta og lengsta gatan í bænum. „Mér finnst gaman að því þegar ég kem í Sundhöllina núna og veit að ég hlóð sjálfur klefann þar sem ég er að skipta um fót.“ Eins tók hann fram að múrverk hafi verið erfiðisvinna, einkum fyrstu árin á starfsævi þegar steypa og murblanda var hrærð í höndunum. Þorsteinn segist hafa verið með fyrstu mönnum í faginu til að eignast hrærivélar til að hræra múr-

blöndu, nokkru eftir að farið var að hræra steypu í vélum.

Þessir búningasklefar sem Þorsteinn og hans félagar hlóðu eru núna friðaðir en menntamálaráðherra friðaði þá 20. desember 2004 samkvæmt lögum um húsafríðun. Friðunin tekur til ytra og innra borðs laugar, búningasklefa og sturtuklefa.

Saga Sundhallarinnar nær yfir mörg ár en í æviminningum Knud Zimsen, bæjarverkfræðings 1902, kemur fram að hann gerði tillögu að byggingu yfirbyggðrar sundlaugar í Reykjavík, tillagan fékk ekki hljómgrunn í bæjarstjórn Reykjavíkur. Árið 1927 kom Jónas frá Hriflu með þá hugmynd að ríkissjóður legði fram 50 þúsund krónur í sundhallarbyggingu gegn því að bæjarsjóður legði fram jafn háa upphæð. Tillagan var ekki samþykkt. Árið 1928 bar ríkisstjórnin fram frumvarp um byggingu Sundhallar í Reykjavík. Frumvarpið hljóðaði uppá að ríkið legði fram 100 þúsund krónur og að borgin legði fram annað eins auk lóðarinnar.

Fyrsta tillaga Guðjóns Samúelssonar arkitekts var bygging í burstabæjarstíl. Laugin átti að vera þrískipt, ein laugin átti að vera fyrir börn, önnur stærri fyrir íþróttamenn, sú þriðja átti að vera sjólaug. Hætt var við að byggja eftir fyrstu tillögu Guðjóns, en árið 1929 var byrjað á að reisa Sundhöllina í þeirri mynd sem



Múrarar að hlaða upp veggi og flísaleggja í búningsklefum Sundhallar Reykjavíkur.

hún er í dag eftir teikningum Guðjóns. Í nokkur ár gekk hvorki né rak með bygginguna vegna fjárskorts.

Sundhöllin var tekin í notkun 23. mars árið 1937 og var tæpir 2.700 fermetrar að stærð. Í henni voru sundlaug, barnalaug, heitir pottar, eimbað og stökkbretti auk aðstöðu til líkamsræktar.

Árið 2013 var haldin samkeppni um hönnun nýrrar viðbyggingar við Sundhöllina. Í byrjun árs 2015 var byrjað að vinna við aðstöðu og jarðvinnu og síðan tók uppsteypan við og aðrir verkþættir. Framkvæmdir tóku um eitt og hálft ár og sundlaugin var síðan lokað almenningi og unnið var í að gera

aðgengi fyrir fatlaða betra þannig að allir hafa nú aðgang að lauginni. Sundhöll Reykjavíkur var síðan aftur opnuð formlega þann 3. desember.

Gaman er að geta sýnt hér nokkrar myndir af þessum múrurum sem unnu við byggingu þessa merka húss, en eins og einn fastagestur sundstaðarins frá upphafi orðaði það „Þetta er sá staður í Reykjavík, sem er mesti dásemdard- eða draumastaður sem til er að mínu viti og hér var alltaf mikil gleði, glatt á hjalla, sérstaklega er það ánægjulegt að gamla húsið stendur fyrir sínu enn þá eins og það var.“ Það eru góð meðmæli á starfi múrara og annara sem unnu við byggingu Sundhallar Reykjavíkur.



Múrarar að hlaða upp veggi og flísaleggja í búningsklefum Sundhallar Reykjavíkur. Múrarinng lengst t. h. er Jóhannes Bergsteinsson. Maðurinn fyrir miðju er Halldór Ari Björnsson



Iðnaðarmenn, sennilega múrarar standa við enda sundlaugar Sundhallar Reykjavíkur. Sundhöllin er í byggingu en búið er að flísaleggja lagina.



Umgengni í orlofshúsum FIT

„Umgengni lýsir innri manni“

Það er gaman að geta hrósað félagsmönnum FIT fyrir góða umgengni í orlofshúsum félagsins en því miður er það ekki algilt. Það eru því miður einstaka félagsmenn sem ganga ekki snyrtilega um eitur sínar og annarra félagsmanna með nægjanlega mikilli snyrtimennsku og virðingu.

Við eigum að kappkosta að ganga vel um, hvar sem við erum. Við skiljum ekki eftir rusl, matarleifar og óhreinindi í orlofsbústöðunum fyrir næstu félagsmenn, heldur göngum frá eftir okkur. Þetta er ekki flókið. Sýnum félagsmönnum og félaginu þá virðingu að ganga snyrtilega um.

Hvað veldur slæmri umgengni félagsmanna?

Því verður vart trúað að innri maður svo margra félagsmanna FIT sé með þeim hætti sem hann birtist okkur stundum í umgengni húsanna. Vissulega hefur fólk mismunandi „óhreinindastuðul“ en stundum er það bara þannig að fólk hefur hreinlega snúið frá og farið heim aftur frekar en taka við húsi sem er óþrifið, með mat í ofni, óhreint á borðum og ælu í sturtubotni. Þessi lýsing er sem betur fer sjaldgæf en hún er þó sönn. Hitt er allt of algengt að þrifið séu ekki nógu góð og ekki sé þvegið yfir gólf, líka þau sem ekki voru notuð, svo sem svefnloft. Það er einfaldlega þannig að alltaf safnast fyrir ryk og kusk þó herbergi eða svefnloft séu ekki notuð og því nauðsynlegt að strjúka yfir þau líka.

Við minnum á að forsenda þess að hægt sé að leigja húsin út á jafn hagstæðu verði og raun ber vitni er að leigjendum sé treyst fyrir því að þrifa vel við brottför.

Hér að neðan eru mikilvæg atriði sem vert er að lesa áður en lagt er af stað í orlofshús/íbúð FIT.

- Leigutaki þarf að sjá um að húsið sé vel þrifið við brottför. Ef frágangi eða annarri umgengni er ábótavant áskilur FIT sér rétt til að innheimta sérstakt gjald af leigutaka fyrir þríf. Þrífagjald er að lágmarki kr. 25.000. (fer eftir akstursfjarlægð og umfangi þrifa)
- Ef um tjón eða skemmdir á húsbúnaði / eignum FIT er að ræða og kostnaður því samhlíða, ber leigutaka að greiða fyrir slíkt.
- Reikningur fyrir þrífum og/eða skemmdum verður sendur félagsmanni og er gjaldfrestur reiknings 15 dagar. Sé reikningur ekki greiddur innan tiltekins frests verður reikningurinn sendur í innheimtu með tilheyrandi kostnaði fyrir félagsmanninn, jafnframt er lokað á aðgang viðkomandi félagsmanns að orlofsvefnum þar til viðkomandi hefur gert upp sín mál gagnvart félaginu.
- Félagsmenn FIT fá að hámarki fulla inneign í orlofshúsakerfi FIT vegna viðurkenndra kvartana á orlofshúsum/íbúðum FIT. Allar kvartanir þurfa að berast skrifstofu FIT svo fljótt sem verða má. Gott er að senda myndir til staðfestingar ef hægt er.

Allar umsóknir á orlofsvefnum

Opnað verður fyrir umsóknir mánudaginn **5. febrúar og lokað þriðjudaginn 27. febrúar.**

Allir umsækjendur eiga svo að fá svar fyrir **28. febrúar** og þeir sem fá úthlutun þurfa að hafa greitt **mánudaginn 12. mars.**

Þriðjudaginn 13. mars kl. 13:00 verður það sem er ógreitt og ekki leigist sett á orlofsvefinn og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær.

Eingöngu er hægt að sækja um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um.

Ef umsóknin vefst eitthvað fyrir fólki má senda tölvupóst á fit@fit.is þar sem óskir umsækjenda eru tíundaðar. Þeir sem ekki hafa tök á að sækja um rafrænt geta í þess stað komið á einhverja af skrifstofum FIT eða sent **skriflegar óskir** til Félags iðn- og tækni-greina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. Slíkar umsóknir þurfa að hafa borist til FIT fyrir 27. febrúar.

Ekki er tekið við umsóknum í síma.

Þegar sótt er um rafrænt þarf að innskrá sig með Íslykli eða rafrænum skilríkjum og velja viðeigandi mánuð og tímabil í því húsi sem leigja á.

Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Sumarleiga orlofshúsa innanlands hefst föstudaginn 8. júní. Leigutímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag.

Ferðavagnar. Félagsmönnum stendur til boða að kaupa sér afslátt vegna leigu á ferðavagni á orlofsvef FIT. Í boði verða 30 niðurgreiðslur og kostar 5.000 krónur að fá 25.000 króna afslátt. Hver félagsmaður má einungis kaupa einn ferðavagnaafslátt. Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

- Leigusamningur þarf að vera á nafni félagsmanns.
- Leigusali þarf að vera skráð og starfandi ferðavagnaleiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera að lágmarki 6 dagar.

Þegar búið er að kaupa afsláttinn á orlofsvefnum og prenta út skjal er hægt að fylla það út og skanna skjalið ásamt leigusamningi og senda á fit@fit.is og verða þá greiddar 25.000 krónur inn á reikning

félagsmanns. Einnig er hægt að koma með pappírana á skrifstofu FIT. Athugið að þeir sem kaupa ferðavagnaafslátt geta ekki fengið forgangsúthlutun í orlofshús. Teknir eru 20 orlofspunktur af orlofs-reikningi félagsmanns ef keyptur er ferðavagnaafsláttur.

Ferðaávisanir. Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá 30 ferðaávisanir sem hægt verður að nýta hjá Úrval-Útsýn eða Sumarferðum. Kaupa þarf ferðaávisun í miðasölu á orlofsvef FIT og greiða kr. 5.000,- en í staðinn fæst afsláttarkóði upp á kr. 35.000,- sem sleginn er inn við kaup á ferð hjá annarri hvorri ferðaskrifstofunni. Afslátturinn gildir í ferðir á tímabilinu maí til september. Athugið að þeir sem kaupa ferðaávisun geta ekki fengið forgangsúthlutun í orlofshús. Teknir eru 26 orlofspunktur af orlofs-reikningi félagsmanns ef keypt er ferðaávisun. **Opnað verður fyrir sölu mánudaginn 5. febrúar** og gildir strax að fyrstur kemur, fyrstur fær. Aðeins 30 ferðaávisanir eru til sölu.

Miðasala. Minnum einnig á að á „miðasala“ á orlofsvef FIT verður hægt að kaupa afsláttarmiða fyrir hótलगgingu, veiðikortið, golf-kortið, útilegukortið og fleira ef samningar takast um góð kjör.

Húsið í Orlando. Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída fyrir árið 2019 fimmtudaginn 1. mars kl. 13:00. Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sólarhringsleigan verður kr. 12.000,- auk þrifagjalds kr. 15.000,- fyrir hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT.

Leiga hefst kl. 16:00 á komudag og lýkur kl. 10:00 að morgni brottfarardags.

LOKAÐ verður til 7. mars á bókanir þeirra sem hafa áður leigt húsið í Orlando

Þannig er þeim sem aldrei hafa leigt húsið veittur forgangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa leigt.

Til að fá lykklakóða afhentan að húsinu í Orlando þarf leigjandi að framvísa flugmiða til Bandaríkjanna, sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þetta er gert til að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli sé sjálfur að fara í húsið.

Mikilvægar dagsetningar:

Mánudaginn 5. febrúar: Opnað verður fyrir umsóknir um sumarúthlutun og sölu ferðaávisana

Þriðjudaginn 27. febrúar: Lokað verður fyrir umsóknir um sumarúthlutun.

Miðvikudaginn 28. febrúar: Eiga allir að hafa fengið svar við orlofsúmsókn sinni.

Mánudaginn 12. mars: Greiðslufresti lýkur hjá þeim sem fengu úthlutað.

Þriðjudaginn 13. mars kl. 13:00: Ógreiddar og óúthlutaðar vikur verða settar á orlofsvefinn og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær.



Öndverðarnesvöllur

Golf og gæludýr

GOLF

Golfáhugamenn sem dvelja í eftirfarandi orlofsbústöðum FIT geta nýtt sér þessi fríðindi;

Úthlíð og Bláskógabyggð: Spilað frítt á Úthlíðarvelli þann tíma sem þeir dvelja í bústöðum FIT. Aðgangskortið gildir fyrir 4 spilara á dag hjá Golfklúbbum Úthlíð. Allar upplýsingar í síma 699 5500. Aðgangskortið gildir fyrir bústaðina; Skógarás 1, Kónsvegur 1, Kónsvegur 3, Heiðarbraut 8 og Heiðarbraut 10.

Borgarbraut 38 Stykkishólmi: Spilað frítt á Víkurvelli í Stykkishólmi. Aðgangskortið gildir fyrir 4 spilara á dag hjá Golfklúbbum Mosa. Allar uppl. í síma 438-1075. Víkurvöllurinn er rétt hjá orlofshúsi FIT

Öndverðarnes: Fengið 50% afslátt af vallargjöldum Golfklúbbs Öndverðarness eins og þau eru hverju sinni. Skilyrði er að bókað sé á vefnum golf.is Aðgangur gildir fyrir 6 spilara frá hverju húsi. Framvísa skal leigusamningi í golfskála og félagsskirteini FIT. Aðgangur að Öndverðarnesvelli gildir fyrir bústaðina; Grjóthólsbraut eitt til fjögur og Réttarhólsbraut 40.



Gæludýr

Gæludýraeigendur hafa leyfi til að nýta sér tvö orlofshús FIT til samveru með sínum gæludýrum. Orlofshúsin sem um ræðir þar sem gæludýr eru leyfð eru **Kiðárbotnar 1 í Húsafelli og Skógarás 1 í Úthlíð**. Vinsamlegast athugið að lausaganga hunda er ekki leyfð á svæðinu. Fólki með ofnæmi fyrir dýrum er ráðlagt að fara ekki í þessa bústaði.



Í 17. gr. laga félagsins segir:

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar á milli aðalfunda. Fyrir aðalfund ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, sex meðstjórnendur og tveir varamenn, en hitt árið sex meðstjórnendur og þrír varamenn. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum samkvæmt ákvæðum 16. greinar.

Á aðalfundi skal árlega kjósa uppstillingarnefnd, tvo skoðunarmenn reikninga, helming trúnaðarráðs og fulltrúa í fulltrúaráð lífeyrissjóða sem FIT á aðild að. Auk þess skal kjósa fulltrúa á þing ASÍ og Samiðnar þau ár sem þau eru haldin.

Uppstillingarnefnd skal skila tillögum að framboðum í stjórn, nefndir og fulltrúaráð ár hvert og þing Samiðnar og ASÍ þau ár sem þau eru haldin og skal stjórn fyrir 1. febrúar kynna framkomnar tillögur á heimasíðu félagsins og í rafrænu fréttabréfi.

Félagsmenn geta boðið sig fram til formanns eða stjórnar hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Komi aðeins ein tillaga fram er stjórnin sjálfkjörin, en ef fleiri tillögur koma fram skal viðhöfð allsherjaratkvæðagreiðsla eða rafræn kosning.

Um kosningu í trúnaðarráð og samninganefnd segir í 20. grein félagslaganna:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga.

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 37 félagsmenn og 37 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1 - 74 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu

annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

21. grein laganna fjallar um kjörstjórn og er eftirfarandi:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að

Um kosningar í embætti hjá FIT

annast um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir á sama hátt og stjórn. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Við aðrar allsherjaratkvæðagreiðslur skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Tillögur uppstillingar- nefndar fyrir aðalfund 2018

TILLAGA UM HLUTA STJÓRNAR TIL AÐAL- FUNDAR 2020

Tryggvi F. Arnarson
Ármann Ægir Magnússon
Einar Þór Gíslason
Sveinn Jónsson
Andrés H. Hreinsson
Helgi Pálsson
Varamenn
Unnur Ósk Eggertsdóttir
Logi Halldórsson
Rúnar Bogason

TILLAGA UM AÐALMENN Í HELMING TRÚN- AÐARRÁÐS TIL ÁRSINS 2020

- 2 Kristján Þórðarson
Vík húsasmiður
- 4 Kristján Geir Jóhannesson
Sauðárkrúki bifvélavirki
- 6 Kristinn Bjarnason
Reykjavík bifvélavirki
- 8 Sigfús Birgir Haraldsson
Reykjavík bifvélavirki
- 10 Sigurður Ástráðsson
Selfossi bifvélavirki
- 12 Reynir Pálmason
Reykjavík bifvélavirki
- 14 Finnur Traustason
Kópavogi málari
- 16 Guðmundur Ottósson
Reykjavík bifreiðasmiður
- 18 Reynir Olgeirsson
Reykjavík blikksmiður
- 20 Elías Þorsteinsson
Akranesi vélvirki
- 22 Svanhildur Björk Sigfúsdóttir
Reykjavík garðyrkjum.
- 24 Birgir Gíslason
Kópavogi málari
- 26 Sævar Jóhannsson
Reykjanesbæ húsasmiður
- 28 Árni Stefánsson
Reykjavík pípulagningam.
- 30 Sveinbjörn Örn Arnarson
Reykjavík múrari
- 32 Stefán Sigurþór Agnarsson
Vestmannaeyjum vélvirki
- 34 Ólöf Magnúsdóttir
Reykjavík tækniteiknari
- 36 Stefanía Stefánsdóttir
Grindavík tækniteiknari

TILLAGA UM HELMING VARAMANNA Í TRÚN- AÐARRÁÐI TIL ÁRSINS 2020

- 40 Valdimar Þorvaldsson
Akranesi vélvirki
- 42 Rúnar Breiðfjörð Ásgeirsson
Mosfellsbæ bifvélavirki
- 44 Eiríkur Gunnarsson
Kópavogi bifvélavirki
- 46 Gunnar Kristinsson
Garðabæ múrari
- 48 Sævar Garðarsson
Reykjavík múrari
- 50 Magnús Heiðar Þorgeirsson
Kópavogi blikksmiður
- 52 Guðmundur Bergsson
Selfoss húsasmiður
- 54 Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Selfossi skruðgarð.
- 56 Grímur Björnsson
Akranesi vélvirki
- 58 Marín Ásmundsdóttir
Reykjavík garðyrkjum.
- 60 Georg Kristinn Sigurðsson
Reykjanesbæ húsasmiður
- 62 Bjarni Már Svavarsson
Grindavík húsasmiður
- 64 Jóhannes Grettisson
Vestmannaeyjum húsasmiður
- 66 Magnús Már Haraldsson
Reykjavík pípulagningam.
- 68 Hans Ísebarn
Mosfellsbæ múrari
- 70 Ingibjörg Kristín Valsdóttir
Mosfellsbæ tækniteiknari
- 72 Sigurður Hergeir Einarsson
Hafnarfirði vélvirki
- 74 Arnór Ágústsson
Reykjavík blikksmiður

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI FESTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRIÐ 2018

- | | |
|---------------------|-------------|
| Ólafur Magnússon | Reykjanesbæ |
| Gunnlaugur Hauksson | Sandgerði |
| Sævar Jóhannsson | Reykjanesbæ |
| Logi Halldórsson | Reykjanesbæ |
| Sigmar Björnsson | Reykjanesbæ |
| Guðjón Þórhallsson | Reykjanesbæ |
| Sveinbjörn Jónsson | Reykjanesbæ |
| Ásbjörn Árnason | Sandgerði |

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRÍÐ 2018

Hilmar Harðarson	Reykjavík
Tryggvi Arnarsson	Reykjavík
Helgi Ólafsson	Reykjavík
Ármann Ægir Magnússon	Hveragerði
Georg Óskar Ólafsson	Reykjavík
Helgi Pálsson	Reykjavík
Sigfinnur Gunnarsson	Reykjavík
Einar Þór Gíslason	Reykjavík
Vilhjálmur Gunnarsson	Akranes
Gunnar Björn Gunnbjörnsson	Reykjavík
Andrés Haukur Hreinsson	Állftanesi
Sveinn Jónsson	Reykjavík
Þorsteinn Kristmundsson	Hafnarfirði
Kjartan Tómasson	Kópavogur
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Hafnarfirði
Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi
Birgir Gíslason	Kópavogi
Sigfús Birgir Haraldsson	Reykjavík

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á ÞINGI A.S.Í. ÁRÍÐ 2018

Hilmar Harðarson
Tryggvi Arnarsson
Ármann Ægir Magnússon
Gunnar Björn Gunnbjörnsson
Vilhjálmur Gunnarsson
Ólafur Magnússon
Georg Óskar Ólafsson
Helgi Pálsson
Heimir B. Janusarson
Sveinn Jónsson
Einar Þór Gíslason
Helgi Ólafsson
Sigfinnur Gunnarsson
Þorsteinn Kristmundsson
Andrés Haukur Hreinsson
Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Logi Halldórsson
Kjartan Tómasson
Rúnar Bogason
Unnur Ósk Eggertsdóttir
Kristján Þórðarson
Sigríður Runólfssdóttir
Stefán Sigurþór Agnarsson
Ingigerður Magnúsdóttir
Ragnheiður Meekín Ragnarsdóttir

TILLAGA STJÓRNAR UM UPPSTILLINGARNEFND MILLI AÐALFUNDNA 2018 TIL 2019

Einar Þór Gíslason	bífreiddasmiður
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	bífvélavirki
Birgir Gíslason	málari
Heimir B. Janusarson	garðyrkjumaður
Logi H Halldórsson	vélvirki
Guðmundur Bergsson	húsasmiður

TILLAGA FYRIR AÐALFUND 2018 UM KJÖR-STJÓRN TIL ÁRSINS 2019

Aðalmenn

Kristinn Bjarnason
Reykjavík bífvélavirki
Logi H Halldórsson
Reykjanesbæ vélvirki

Varamenn

Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Reykjavík bífvélavirki
Maron Tryggvi Bjarnason
Reykjavík bífvélavirki

TILLAGA UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN TIL ÁRSINS 2019

Aðalmenn

Birgir Gíslason
Kópavogi málari
Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Hafnarfirði bífvélavirki

Varamenn

Unnar Friðrik Sigurðsson
Akranesi vélvirki
Sigfús Birgir Haraldsson
Reykjavík bífvélavirki
Arnar Helgason
Hafnarfirði húsasmiður

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS VESTMANNA-EYJA 2018

Stefán Agnarsson
Vestmannaeyjum vélvirki
Rúnar Bogason
Vestmannaeyjum vélvirki

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA ÁRÍÐ 2018

Heimir Hafsteinsson
Ólafía B. Ásbjörnsdóttir





SAMEINADIR

KRAFTAR!

EINN ÖFLUGASTI LÍFEYRISSJÓÐUR LANDSINS

Við erum sterkari þegar við vinnum saman. Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn hafa nú sameinast í einn öflugasta lífeyrissjóð landsins undir merkjum Birtu. **Saman erum við sterkari!**